

Brunaæfing

Árviss rýmingaræfing fór fram í Akurskóla miðvikudaginn 22. október. Æfingin var haldin í samvinnu við Brunavarnir Suðurnesja og tókst mjög vel. Nemendur voru vel undirbúnir, því búið var að upplýsa þá um hana með góðum fyrirvara. Markmið æfingarinnar eru m.a. að þjálfar nemendur í að rýma húsnæði skólans örugglega á sem skemmstum tíma, viðhalda þekkingu nemenda á rýmingarleiðum og að allir þekki neyðarhringingar. Á æfingum sem þessum eru kynntar fyrir nemendum og starfsfólki skólans helstu flóttaleiðir í skólabyggingunum, hvernig neyðarhringing hljómar og hvernig á að bera sig að ef ske kynni að eldur eða annað af svipuðu tagi kæmi upp á.



Útivera



Mikil gleði var þegar snjórinn lét sjá sig. Nemendur fóru út að leika sér og gerðu alls konar listaverk og kúnstir í snjónum.



Morgunstund gefur gull í mund

Umsjónarkennarar 8. og 9. bekkja verða með tilraunaverkefni dagana 3. til 14. nóvember. Þessar tvær vikur verður nemendum boðið upp á morgunmat áður en skóli hefst. Morgunmatur verður veittur frá 07:40 til 08:00 og eru nemendur hvattir til að mæta og fá sér morgunmat og eiga rólega stund saman. Á boðstólum verður hafragrautur, hrökkbrauð og ávextir. Verkefnið er styrt af skólamat.is og er morgunverðurinn því nemendum að kostnaðarlausu. Leggjum rækt við hvert annað og heilsuna og sjáumst hress á mánudagsmorgun. Kveðja, umsjónarkennarar 8. og 9. bekkja

Kvennadeildin Dagbjört

Kvennadeildin Dagbjört gaf nemendum í 1. bekkjum endurskinsmerki og bókamerki. Og voru allir mjög ánægðir með það. Við þökkum kærlega fyrir okkur.

Starfsdagur

Þriðjudaginn 18. nóvember verður starfsdagur kennara. Engin kennsla verður þann dag en frístundaskólinn Akurskjól verður opinn frá 8:10-17:00 fyrir þá sem sækja um það sérstaklega.


Sparisjóðurinn í Keflavík

Brúum bilið



Nemendur 1. bekkja hafa verið að fá leikskólakrakkana frá Holti og Akri í heimsókn til okkar. Þetta er samstarf skóla og leikskóla og kallast "Brúum bilið". Þá setjast leikskólabörn niður með 1. bekkjum og fá vinnubók og vinna í henni. Á næstu vikum munu 1. bekkir svo fara í heimsókn til þeirra sem mun vera svaka fjör! Annars eru bara hefðbundnir skóladagar hjá öllum en byrjendalæsi er í fullum gangi. Búið er að leggja inn 10 stafi og erum við að taka fyrir fugla í samfélgsfræði. Í síðustu viku var námsefni-skygning og var mjög dræm mæting.

Samsöngur



Í vetur höfum við haldið samsöng í 1.-3. bekkjum og 4.-6. bekkjum. Samsöngur fer þannig fram að einu sinni í viku koma nemendur saman á sal og syngja sígild og skemmtileg lög undir stjórn tónlistarkennarans okkar, Styrmis Barkarsonar. Í 4.-6. bekkjum sjá nemendur einnig um stutta dagskrá sem felld er inn í samsönginn. Samsöngurinn hefur farið vel af stað í vetur eins og þessar myndir gefa glögg til kynna



Skólahreysti



Mikið hefur verið um að vera í skólahreysti undanfarna föstudaga. Krakkarnir fóru meðal annars í heimsókn í heilsuræktarstöðina Massa þar sem þeir lyftu lóðum undir handleiðslu Sigurbjargar kennara. Nemendur stóðu sig með stakri þryði, voru skólanum til fyrirmyndar með góðri hegðun og frágangi. Nemendur hafa m.a. farið í þrekpróf, keppt sín á milli í brennó, farið í þrek í sal og setið fróðlega fyrirlestra um heilsu og líkamann. Í desember mun fara fram úrtökumót í Akurskóla þar sem keppendur verða valdir til þátttöku í Skólahreysti keppninni. Virkilega spennandi verður að sjá hverjir munu keppa fyrir hönd Akurskóla. Á næstu vikum verður líkamsræktarstöðin Perlan heimsótt og farið í heita pottinn á eftir. Margt í gangi og spennandi tímar framundan!

Gróðursetning

Björn Guðbrandur frá samtökunum Gróður fyrir fólk í landnámi Ingólfs fékk nemendur í 6.-7. bekkjum til að gróðursetja plöntur á lóð skólans þann 19. september. Nemendur voru mjög áhugasamir og ætla að hugsa vel um plönturnar.



Heilsuvika

Heilsuvika var í Reykjanesbæ vikuna 13. - 17. október og tók Akurskóli að sjálfsögðu þátt. Skólamatur var með sérstakan heilsumatseðil þessa viku og nutu nemendur og starfsfólk góðs af. Nemendur fóru í gönguferðir og voru fræddir um holla lífshætti.



Tónlist fyrir alla

Skólatónleikarnir, Tónlist fyrir alla voru þriðjudaginn 28. október. Djazzkvartett Reykjavíkur flutti fjölbreytta efnisskrá eftir erlenda höfunda ásamt íslenskum og erlendum alþýðulögum og nefnist dagskráin „Ég hef taktinn“ Kvartettinn vill leggja áherslu á að djass er skemmtileg, fjölbreytt og aðgengileg tónlist.



Myndmennt

Í vetur fara allir hópar í myndmennt út og gera útilistaverk úr náttúrulegum efnum.



Nemendur úr 2. og 3. bekkjum.

1. bekkur að búa til risa orm úr snjó.

Nemendur úr 4. og 5. bekkjum.


Heimsókn á pósthúsið

Nemendur í 1. bekk fóru í heimsókn á pósthúsið í Reykjanesbæ. Heimsóknin var í tengslum við bókina "Unugötu" sem þeir voru að vinna með í byrjendalæsi. Nemendur skrifuðu bréf sem þeir fengu að senda þegar þeir komu á pósthúsið. Íslandspóstur studdi okkur með því að gefa okkur frímerki og taka á móti okkur á pósthúsinu og sýna okkur starfsemina þar. Kennaranemarnir okkar Tinna og Berglind komu með þessa frábæru hugmynd og núna vita trúlega flestir nemendur í 1. bekkjum hvernig frímerki líta út, hvað mamma og pabbi heita fullu nafni, hvar þau eiga heima o.þ.h.





Vetrarstarfið í Frístund er búið að vera mjög fjölbreytt og skemmtilegt og reynum við að hafa eitthvað við allra hæfi. Höfum við m.a. farið í gönguferðir umhverfis Innri-Njarðvík okkur til hressingar og fróðleiks. Heimsótt leikskólann Holt og einnig hafa verið bakaðar pizzur og margt fleira góðgæti. Lesnar hafa verið sögur, farið í ratleik og sett upp mörg leikritin. Svo má nú ekki gleyma diskófjörinu og íþróttaskólanum, þar sem er mikið líf og fjör.



Það sem af er hausti hafa nemendur frá 1.-7. bekkjum lært að marsera ásamt því að læra ýmsa barnadansa s.s. Fingrapolka, Skósmíðadans og Byggingardans. Í þessum dönsum erum við að læra að dansa við félagaga af gagnstæðu kyni. Það var okkar erfiðasta verkefni í byrjun vetrar en það gengur betur með hverjum tímanum. Nemendur hafa einnig lært Tvistdansinn sem hefur alveg slegið í gegn. Í tímunum höfum við einnig farið yfir grunnsporin í Cha Cha Cha og Samba en eldri bekkir hafa lært aðeins fleiri spor en þeir yngri. Síðustu vikur hafa nemendur verið að læra dans við lagið Betra Líf sem er eftir Pál Óskar. Nemendur í öllum bekkjum hafa staðið sig ótrúlega vel og það ríkir mikill áhugi og gleði í danstímunum hjá okkur.

Dans



Frábært sjálfstyrkingarnámskeið er framundan hjá okkur í Akurskóla og verður öllum nemendum frá 6.-9. bekk boðið að taka þátt í því. Vitað er að með sterkari og raunhæfari sjálfsmynd er líklegra að börn og unglingar geti staðist neikvæðan hópþrýsting og neikvæð áreiti frá samfélaginu. Sterk sjálfsmynd barna og unglinga getur dregið úr einelti og ofbeldishegðun og stuðlað að því að þau leiðist síður út í vímuefnaneyslu. Aðferð Baujunnar hefur reynst áhrifamikil, skilað góðum árangri á skömmum tíma og reynst nemendum heillardrjúgt veganesti. Það verður því spennandi að sjá hvernig nemendur Akurskóla munu taka þessu námskeiði.

Baujan

Í haust hafa foreldrar skipulagt útivistar- og gönguferðir foreldra, barna og kennara Akurskóla. Gengið var að Lambafellsklofi auk þess var farið í Þórkötlustaðarétt í Grindavík. Markmiðið með þessum ferðum er fyrst og fremst að bjóða fjölskyldum að koma saman og kynnast. Þessar ferðir hafa einnig mikið forvarnargildi því samvera fjölskyldna er ein besta forvörn sem við getum veitt börnum okkar. Í nýjum hverfum eins og Tjarna – og Dalshverfi er nauðsynlegt að skapa vettvang þar sem fólk getur hitt nýja nágranna. Þessar útivistar- og gönguferðir verða aftur í boði á vormánuðum.

Útivistar- og gönguferðir

Lególið Akurskóla hefur tekið til starfa. Að þessu sinni var 6. og 7. bekk boðið að taka þátt. Krakkarnir vinna nú hörðum höndum að undirbúningi fyrir keppnina sem haldin verður 8. nóvember. Mikil þátttaka var til að byrja með en eitthvað hefur nú helst úr lestinni þar sem sumir áttuðu sig á því að þeir hefðu ekki tíma í vinnuna sem keppninni fylgir.

Lego

Kornið

Fréttabréf Akurskóla

Ábyrgðarmaður: Jónína Ágústsdóttir

Akurskóli
Tjarnabraut 5
S: 420 4550 Fax: 420 4551
www.akurskoli.is
akurskoli@akurskoli.is